

Sparisjóðurinn er þó ekki skyldur að greiða hærri upphæð í einu en 5000 krónur, nema henni sé sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Framanritaðar breytingar, sem voru samþykktar samhljóða á fulltrúaráðs-fundi Sparisjóðs Arnarneshrepps 4. maí 1964, staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. febrúar 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

G J A L D S K R Á

Fiskræktarfélagssins Hvítá í Borgarfirði.

Gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða og aðila sem hér segir:

1. Einarsnes	9 ein.	33. Móhylur	1 ein.
2. Bóndhóll	118 —	34. Veiðifélag Þverár	490 —
3. Holt, Brennist., Lækjark. .	42 —	35. Veiðifélag Reykjadalársár ..	26 —
4. Ölvaldsstaðir	187 —	36. Veiðifélag Flóku	28 —
5. Hvanneyri	152 —	37. Svarthöfði	70 —
6. Ferjubakki II	54 —	38. Brenna	40 —
7. Ferjubakki III	50 —	39. Straumar	60 —
8. Ferjukot og Ferjubakki I .	366 —	40. Stafholtsey	1 —
9. Hvítárvellir I	168 —	41. Neðranes	1 —
10. Hvítárvellir II	159 —	42. Fossatún	5 —
11. Þingnes	125 —	43. Hestur	45 —
12. Hofsstaðir	37 —	44. Múlakot	12 —
13. Hvítárbakki	15 —	45. Mávahlíð	2 —
14. Stafholt (Hvítá)	60 —	46. Skálpastaðir	10 —
15. Melkot	30 —	47. Gröf I	1 —
16. Flóðatangi	30 —	48. Kistufell	2 —
17. Stafholt, Melkot, Flóðatangi (Norðurá)	50 —	49. Arnþórsholt	2 —
18. Svarfhóll	59 —	50. Gröf II	9 —
19. Veiðifélag Norðurár	330 —	51. Kross	1 —
20. Munaðarnes	15 —	52. Skarð	6 —
21. Haugar	20 —	53. Lundur	6 —
22. Hlöðutún	6 —	54. Lundarhólmi	10 —
23. Arnarholt	12 —	55. Snartarstaðir	1 —
24. Sólheimatunga	19 —	56. Gullberastaðir	12 —
25. Svignaskarð	10 —	57. Oddsstaðir I	1 —
26. Fróðhús	5 —	58. Oddsstaðir II	1 —
27. Gljúfurá	4 —	59. Hóll	2 —
28. Litlu-Skógar	3 —	60. Brautartunga	2 —
29. Stóru-Skógar	2 —	61. Tungufell	1 —
30. Tandrasel	3 —	62. Brenna	2 —
31. Sauðhússkógur	1 —	63. Iðunnarstaðir	2 —
32. Grísatunga	1 —	64. England	4 —
		65. Reykir	4 —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveið, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Fiskræktarfélagssins Hvítá í Borgarfirði, nr. 173 22. desember 1956.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

24. marz 1965.

Nr. 39.

BYGGINGARSAMÞYKKT

Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildistaka byggingarsamþykktar.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þó er byggingarnefnd heimilt með sérstöku samþykki borgarstjórnar að gera vægari kröfur um frágang bygginga á tilteknum svæðum, og skal þá sérstaklega fram tekið frá hvaða ákvæðum víkja megir.

Byggingarnefnd getur gert auknar kröfur um styrkleika húsa eða frekari ráðstafanir til öryggis almennings en samþykkt þessi gerir ráð fyrir eftir því sem ákveðið kann að verða, skv. lögum um almannavarnir og reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim.

Samþykktin tekur til allra nýrra húsbygginga og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit borgarinnar og ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt. Ef byggingarnefnd telur nauðsynlegt, getur hún þó krafizt þess, að gerð eða frágangi húss eða annars mannvirkis, sem byggingarleyfi er fyrir, verði breytt til samræmis við ákvæði samþykktar þessarar, ef unnt er að gera slíkar breytingar án verulegs kostnaðar.

II. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

2. gr.

Byggingarnefnd Reykjavíkur skipa sjö menn: Borgarstjóri, borgarverkfræðingur, húsameistari borgarinnar, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningu í borgarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri, skipulagsstjóri borgarinnar og aðrir sérfræðingar, sem borgarstjórnin ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllum gegnir starfi hans, nema borgarstjóri geri aðra skipan á, að því er varðar embættismenn og sérfræðinga borgarinnar. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem borgarstjóri kys samtímis aðalmönnum og á sama hátt.